

Nr. 20-094 S 064 Örfirisey RE 4***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 2170
IMO: 8704975
Smíðaður: Noregi 1988, stál
Útgerð: HB Grandi hf
Stærð: 940,2 brl. 1845 bt.
Mesta lengd: 65,47 m Skráð lengd: 57,67 m
Breidd: 12,8 m Dýpt: 8 m
Vél: Wichmann 3000 kW 1988
Fjöldi skipverja: 27



Örfirisey © Hilmar Snorrason

Gögn:

Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 4. desember 2020 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 4. júní 2020 var frystitogarinn Örfirisey RE 4 á veiðum í Vesturdjúpi. Veður: NA 10 m/s.

Tveir skipverjar voru að vinna í lest en annar þeirra tók fiskikassa af færíbandi og kastaði þeim yfir til hins. Sá tók á móti þeim og raðaði á þilfarið undir færíbandinu. Ekki var sjónlína á milli þeirra og lenti einn fiskikassinn á vinstri hendi þess sem var að taka á móti.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði var staðsettur undir færíbandinu;
- að baugfingurinn þróbrotnaði;
- að fiskikassarnir voru 30 kg að þyngd.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.